

## **Farice lækkar verð og greiðir niður skuldir**

Tekjur Farice lækkuðu á fyrri helmingi þessa árs um 10%, að mestu vegna verðlækkana til innlendra fjarskiptafélaga. Tap félagsins var nánast það sama og á fyrri hluta árs 2015 eða EUR 3,4 milljónir á móti EUR 3,3 milljónum í ár. EBITDA var EUR 3,3 milljónir og afskriftir EUR 3,6 milljónir. Eiginfjárhlfutfall er 39%.

Vegna fyrirframgreiddra tekna og jákvæðs sjóðsstreymis greiddi félagið niður lán um 8 milljónir evra auk vaxta en fyrir sama tímabil 2015 greiddi félagið niður lán um 2,6 milljónir evra auk vaxta.

Félagið gerir upp í evrum og því hefur styrking íslensku krónunnar enn eitt árið neikvæð áhrif á afkomuna. Stærsta lán félagsins er í íslenskum krónum og því hefur styrkingin verulega neikvæð áhrif á reiknaðan fjármagnskostnað auk þess sem allur innlendir kostnaður hækkar jafnvel þó hann sé óbreyttur í íslenskum krónum. Að óbreyttu verða lán félagsins í erlendri mynt að fullu greidd fyrir árslok 2017 og möguleiki er á endurfjármögnun á skuldabréfaflokk félagsins í apríl 2019.

Nánari upplýsingar veitir Ómar Benediktsson í símar 585 9701